

Stjórnu­grís hf
Saltvík 1
162Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2021
UST202003-039/H.E.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.12.2020, hjá Stjórnu­grís hf. Brautarholti

Þann 17.12.2020 fór fram eftirlit í svínabú Stjórnu­gríss að Brautarholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri varðandi fjölda lyktarkvartana á árinu 2020 og beiðni um upplýsingar um fyrirkomulag fráveitu á búinu.

Tvö ný frávik komu fram er varða:

1. Grein 4.1 í 1.kafla sértækra starfsleyfisskilyrða og fylgiskjali 1 við reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Sjáanlegar útfellingar voru í skurði við útrás fráveitu frá rotþró þegar eftirlitið fór fram. Samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð 798/199 má hvergi vera set eða útfellingar við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka.
2. Grein 8.2 í 1. kafla sértækra starfsleyfisskilyrða. Leki var sjáanlegur frá hrægámi en skv. ákvæðum starfsleyfisskilyrðanna að ganga skuli frá dýrahæjum til förgunar í þétta, lokaða gáma.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9.4.2021.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Gottskálf Friðgeirsson